

5. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

17. maí 2019, Reykjavík kl. 12:00

Mætt eru: Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Inger Erla Thompsen (IET), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Enar Kornelius Leferink (EKL), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj. LUF.

Fundur settur 12:16

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 3. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Frá framkvæmdastjóra:**
 - 2.1. Rætt var um fyrirkomulag fundarboðunar. Ákveðið var að tölvupóstur gildir og samfélagsmiðlar séu einungis til upplýsinga.
 - 2.2. TI greindi frá fyrsta fundi Æskulýðsráðs og beiðni frá formanni ráðsins um heimsókn til LUF og fá kynningu á félaginu.
 - 2.3. Praktísk atriði: Rætt var um uppfærslu á heimasíðu, ákveðið var að kaupa síma fyrir félagið og að félagið hafi augun opin fyrir skrifstofuhúsnæði miðsvæðis.
3. **Alþingismál:**
 - 3.1. [Umsögn LUF](#) um landsrýniskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum.
 - 3.2. [Umsögn LUF](#) um frumvarp til laga um félög til almannaheilla.
4. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** Beiðni um fund var samþykkt og var TI falið að ljúka við beiðni um formlegt samstarf.
5. **Skuggaþing:** SÍF hefur svarað erindi frá LUF og hefur samþykkt að nota #ÉgKýs. Fulltrúar stjórnar sammælast ekki um yfirskrift verkefnis, verður það ákveðið þegar lengra er komið í skipulagi. TI er falið að útbúa beiðni um tilnefningar í stýrihóp.
6. **Ráðningarmál:** Auglýsing eftir verkefnastjóra var samþykkt.
7. **Alþjóðamál:** SÞF upplýsir stjórn um stöðuna hjá Evrópuráðinu og ákveðið var að taka þátt í að beita þrýstingi.
8. **Næsti fundur:** 6. júní kl. 11:30.
9. **Önnur mál:** Farið var yfir ábyrgðarsvið framkvæmdaáætlunar og var verkaskiptingin samþykkt aftur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 13:57

IET ritaði fundargerð